



# Pési

Næsti Pési kemur út  
12.maí 2016. Efni þarf  
að berast í síðasta lagi  
**8.maí** 2016.



## Umhverfisdagur Hrunamannahrepps Föstudaginn 13. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjáls þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrki stjórn ruslamálaráðherra, Kolbrúnar Haraldsdóttur. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi.

Ruslabrenna verður venju samkvæmt upp úr kl: 18:00 á gámasvæðinu og síðan er öllum boðið í grillveislu í framhaldinu niður í Torfdal.

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd og

Kolbrún Haraldsdóttir, Ruslamálaráðherra 2016.

**GLEÐILEGT SUMAR!**



apríl 2016  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -  
[svanhildur@fludir.is](mailto:svanhildur@fludir.is)

26. árgangur.  
303.tölublað.  
[pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is).  
Sími. 480 6600

## Sveitarstjórapistill

Nú er apríl runninn upp og það er vorkeimur í lofti. Veturinn hefur verið sumpart öðru vísi en áður. Snjórinn kom og fór ekki fyrr en hann fór og var sem betur fer minna um umhleytingar. Til upplýsingar má þó segja að árið 2015 hafi tölulega verið snjóþyngra og hálla en oftast áður og hefur sveitarfélagið t.d. eytt meiru en undanfarin ár í hálkueyðingu og snjómokstur.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2015 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Ársreikningurinn ber merki um þær miklu fjárfestingar og viðhaldsverkefni sem sveitarfélagið stóð í á síðasta ári. Árið 2015 var stærsta framkvæmdaár sveitarfélagsins í mörg ár og hefur slíkt að sjálfsögðu áhrif á reksturinn. Þá hafa áhrif nýrra kjarasamninga líka mikil áhrif því t.d. hækkar launakostnaður sveitarfélagsins um 50 milljónir á milli ára. Þó verður að hafa í huga að við erum að borga laun vegna þeirra samstarfsverkefna sem við höldum utan um. Á móti hefur það mikil jákvæð áhrif að verðbólga var skapleg á síðast ári en við græðum öll á því að hún sé sem lægst. Þá er einnig gott að íbúum er að fjölga verulega og myndi eflaust fjölga enn meira ef ekki væri fyrir húsnæðiseklu.

Varðandi verkefni ársins er það að segja að nauðsynlegt er að vera í rólega girnum á þessu ári. Það þarf að klára Hvammsveginn og huga að því að byrja á að leggja bundið slitlag í áttina að Límtré-Vírnét í samræmi við samkomulag við fyrirtækið. Annars er gaman að fylgjast með uppbyggingu fyrirtækisins í Torfdalnum því það styttist í að nýja steinullarlínan verði tekin í notkun. Þar hafa verið starfsmenn frá framleiðendum í Suður Kóreu að koma línunni fyrir og hefur sú vinna gengið vel. Spannandi að sjá hvað kemur út úr maskínunni þegar ýtt verður á takkann.

Búið er að ákveða rusladaginn í Hrunamannahreppi og verður hann föstudaginn 13. maí n.k. Fyrirkomulagið verður væntanlega svipað og í fyrra þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki eindregið til að taka þátt í þessu frábæra framtaki.

Varðandi umhverfismálin þá vil ég óska Sigurði Magnússyni á Högnastöðum til hamingju með að hafa verið valinn heiðursfélagi Landgræðslufélags Hrunamanna. Sigurður á slíka viðurkenningu margfalt skilið fyrir framlag sitt fyrir samfélagið hér. Annar heiður sem féll Hrunamönnum í skaut var að Bryðjuholtsbúið var valið fyrirmyndarþú Landssambands kúabænda. Þau Samúel og Þórunn eiga slíkan heiður fyllilega skilið enda allaf gaman að horfa heim að Bryðjuholti.

Nú fer að líða að lokum vetrarstarfsins hjá UMFH. Mikið og öflugt starf hefur verið unnið og eiga þeir sem það hafa unnið miklar þakkir fyrir góða vinnu fyrir krakkana okkar. Veturinn hefur farið í að móta starfið í stærra húsi og heldur sú vinna eflaust áfram. Ljóst er að stækkun þess býður upp á mikla möguleika en það verður að muna að UMFH þarf að hafa fjárhagslega burði til að halda úti öflugri starfssemi. UMFH hefur leyfi sveitarfélagsins til að selja auglýsingar á veggum íþróttahússins að innan og renna þær tekjur alfarið til félagsins. Vil ég skora á fyrirtæki sem vilja styðja við starfssemi UMFH og auglýsa starfssemi sína að semja við UMFH um þau mál. Þá er UMFH að spá í að ráða í hlutastarf til að styðja við starfssemi félagsins og deildir þess. Hugmyndin er sú að auglýsa 20% starf með 60% starfi forstöðumanns í félagsmiðstöðinni Zero en það ætti að vera samlegð í sameiginlegum starfsmanni.

Ég verð síðan að hrósa Flúðaskóla fyrir hvernig skólinn stendur að árshátíð sinni. Það er gaman að sjá hvað krakkarnir standa sig vel og ómæld er sú vinna sem starfsmenn skólans leggja á sig til að gera þessar sýningar sem glæsilegastar. Leik- og söngleikurinn Tímaflakkið hjá eldra stigi Flúðaskóla hefur vakið verðskuldaða athygli og öllum til sóma sem að þeim viðburði standa.

Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglinga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar. Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatastyrki til sveitarfélagsins en frestur til að sækja um þá er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublað er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins.

Að lokum vil ég hvetja menn að huga að umhverfi sínu, klippa tré og runna, og huga almennt að tiltekt þegar við erum að koma undan vetri. Þá bendi ég fólki á að sveitarfélagið er búið að kurla tímur á gámasvæðinu á Flúðum sem fólki er heimilt að ganga í. Munum að umhverfi okkar er andlit sveitarinnar. Megum við eiga gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson Sveitarstjóri



**Vilt þú koma í okkar hóp?**

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nú þegar bílstjóra með meirapróf (C og CE réttindi) á flutningabíla okkar. Um framtíðarstarf getur verið að ræða í fjölbreyttum verkefnum og frábærum félagsskap.

Frekari upplýsingar um starfið veitir starfsmannstjóri.

Á heimasíðu okkar [www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is) er jafnframt umsóknarform sem hægt er að fylla út og senda beint.

**Landstólpi ehf., Gunnbjarnarholti, 801 Selfossi, s. 480 5600**

### **Hreinsunardagur í Hrunakirkjugarði.**

Sóknarnefndin stendur fyrir árlegum hreinsunardegi í kirkjugarðinum í Hruna **laugardaginn 7.maí frá kl 13-16.** Það þarf að hreinsa beð, klippa tré og laga til eftir veturinn. Margar hendur vinna létt verk. Þeir sem áhuga hafa á að láta lagfæra leiði ástvina sinna vinsamlegast hafi samband við Unnstein í Langholtskoti.

Sóknarnefndin.

### **Starfsmaður í Félagsmiðstöð og fyrir UMFH!!**

Um er að ræða 80% starf, 60% starf í Félagsmiðstöðinni Zero vegna fæðingarorlofs og 20% starf fyrir UMFH vegna ýmissa verkefna. Upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 480 6600 eða á skrifstofunni á skrifstofutíma.

## Starfskraftur óskast

Óskum eftir einstaklingi 16 ára eða eldri til að sjá um tvö börn, 7 mánaða og 9 ára, ásamt léttum heimilisstörfum. Starfstími er frá maí til lok sumars. Vinnutími frá 8 til 16:30, frá mánudegi til föstudags eða eftir samkomulagi. Vel kemur til greina að ráða „ömmu“ í starfið.

Erum auðveld í samningum.

Fjölskyldan Högnastíg 14

S:858-3399



Kaffi-Sel, golfskálanum, verður opið í **apríl** sem hér segir:

**Föstudaga kl. 17.00 til 20.30.**

**Laugardaga og sunnudaga  
kl. 12.00 til 20.30.**

**Opið alla daga frá 1. maí**

**Verið hjartanlega velkomin!  
Kaffi-Sel – Golfskálanum Efra-Seli  
Sími 486-6454/891-7811/661-5935**

**Heimasíða: [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is)**

**Netfang: [info@kaffisel.is](mailto:info@kaffisel.is)**

**Facebook: kaffisel**

## ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Höfum flutt það sem eftir er af vörum  
á Högnastíg 1.

Hægt að fá afgreiðslu með því að hringja í síma :  
486-1866 / 856-1580 og 856-1599.



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og  
Skeiða og Gnúpverjær.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.

**TAXI DRIVER**

*Sími: 7760810 & 7831224*

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting

– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokun.

Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



Kæru kvenfélagskonur.

Við stjórnarkonur höfum ákveðið að fresta aðalfundi bæði vegna anna í kringum kaffiveitingar á sunnudag og hversu fáir geta mætt á fundinn. Verður honum frestað til 17 apríl næstkomandi og ætlum við að breyta til og hafa DÖGURÐ kl 11 fyrir hádegi. Við vonum svo sannarlega að fleiri sjái sér fært að mæta þá.

Biðjum við ykkur að láta þennan breytta tíma ganga til allra sem við á. Og að sjálfsgöðu þætti okkur vænt um að sjá einhverja nýliða og bjóðum þá sérstaklega velkomna.

kær kveðja, stjórnin.

### **Þakkir frá Vindi.**

Unglingadeildin Vindur þakkar öllum þeim sem styrktu okkur á fjáröflunar daginn okkar þann 26. mars síðastliðinn.

Bæði með því að gefa okkur dót á flóamarkaðinn og líka með því að koma og versla af okkur.

Takk kærlega fyrir okkur.

Unglingadeildin Vindur.

### **Aðalfundur UMFH**

Sunnudaginn 17.apríl kl: 20:00, verður aðalfundur UMFH haldinn í Félagsheimili Hrunamanna.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Formaður og meðstjórnendur gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn.

Í upphafi aðalfundar verður íþróttamanni ársins afhent viðurkenning fyrir sín afrek.



**Hjörleifur Ólafsson**  
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

Reglur um hvatagreiðslur til íþróttá- lista- og tómskundaiðkunar.

1. gr. Markmið Meginmarkmið með hvatagreiðslum er að auðvelda börnum og ungmennum úr Hrunamannahreppi að sinna íþróttá-, lista- og tómskundastarfi. Hvatagreiðslum er ætlað að greiða niður æfingar- eða þátttökugjöld og auðvelda foreldrum/forráðamönnum barna/ungmenna að gera þeim kleift að stunda skipulagða íþróttá-, lista- og tómskundaiðkun. Greiðslur skulu að hámarki nema þeirri upphæð sem sveitarstjórn ákveður á hverjum tíma.

2. gr. Skilyrði fyrir veitingu hvatagreiðslna Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-16 ára sem lögheimili eiga í Hrunamannahreppi geta sótt um hvatagreiðslur. Skilyrt er að um sé að ræða skipulagt starf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara eða leiðbeinanda og nær yfir eina önn eða að lágmarki 10 vikur. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttáfélagá, dans í dansskólum, listgreinar, skátastarf og einkatíma í tónlistarnámi sem ekki er þegar niðurgreitt af Hrunamannahreppi. Tónlistarnám sem niðurgreitt er af Hrunamannahreppi og líkamsræktarkort falla ekki undir niðurgreiðslu æfingagjalda.

3. gr. Fylgigögn með umsókn Staðfesting á greiðslu skal fylgja umsókn um hvatagreiðslur. Á greiðslukvittun skal eftirfarandi koma fram: Nafn og kennitala félags Dagsetning greiðslu Æfingatímabil Nafn og kennitala iðkanda 4. gr. Greiðslur Hvatagreiðslur geta orðið 10.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 20.000 kr. á ári fyrir hvern einstakling. Upphæð styrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/ þátttökugjaldi viðkomandi íþróttá- eða tómskundagreinar. Hvatastyrki er ekki heimilt að færa á milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á því ári sem iðkun fer fram á. Styrkumsækjandi skal skila inn þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt greiðslukvittun til skrifstofu Hrunamannahrepps fyrir 1. maí fyrir hverja vorönn og fyrir 1. desember fyrir hverja haustönn. Styrkir verða greiddir út eigi síðar en 15. júní og 15. janúar ár hvert. Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2016.

Samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. nóvember 2015.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu Hrunamannahrepps, í Íþróttahúsinu og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.**



Þann 15. mars var haldinn aðalfundur Nautgriparæktarfélagss Hrunamanna.

Á þeim fundi voru veittar viðurkenningar fyrir afurðahæsta bóúð, sem var Foss - með 7,314 kg mjólk og 558 kg verðefna.

Og ræktunarbú ársins sem einnig var Foss með 68 kg aukningu verðefna milli ára.



Einnig var veitt viðurkenning fyrir afurðahæstu kúna, Búbót 638, frá Hrepphólum sem mjólkaði- 11,628 kg mjólk, og fyrir efnilegustu kvíguna, Brúsku 767 með 286 stig sem einnig var frá Hrepp-



hólum . Mjög efnileg kvíga, bar 1. kálfi 23 mánaða, með 86,3 stig í útlitsdóm og með 113 í afurðaeinkunn .

Á deildarfundum Auðhumlu sem haldin var 7. mars fengu nokkur bú hér í sveit viðurkenningu fyrir úrvalsmjólk. Það voru Miðfell, Túnsberg, Bryðjuholt, og Sólheimar.

Á aðalfundi Landsambands kúabænda sem haldinn var 31. mars í Reykjavík var veitt viðurkenning fyrir fyrirmyndarbú ársins, en það var Bryðjuholt, verðskulduð viðurkenning þar.

Til hamingju öll með þennan flotta árangur.

kv Stjórnin

# Samkaup strax

## Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Aðalfundur Skógræktarfélagss Hrunamanna verður í  
golfskálanum á Seli 20 apríl kl. 20:30.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Fyrirlestur um áburðargjöf  
og nýtingu kjötmjöls í skógrækt.  
Veitingar í boði félagsins



## RAFMAGNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:  
ALLA ALMENNA  
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU  
OG HÖNNUN  
RAFLAGNA

SMÆRRI JAFNT SEM  
STÆRRI VERKEFNI.

JENS PÉTUR JÓHANSSON  
893-7101  
RAFJENS@EYJAR.IS

RÓBERT EINAR JENSSON  
899-9554  
ROBBIRAF@SIMNET.IS

# Vorið er komið




Í verslunum Landstólpa er fjölbreytt vöruúrval sem hentar vel í sauðburð og vorverk.

**Kíkið við!**



## Sauðfjárnörur:

- Lambatútur
- Einnota sprautur og nálar
- Burðarslím
- Lambasnara
- Legstoð fyrir sauðfé
- Skammtasprautu
- Klaufaklippur
- Steinefni og bætiefni
- Vinnugalli—**NÝTT**  
**BARNAVINNUGALLAR**



**Styttist í bændakaffi!  
Fylgist með okkur á  
Facebook.**

 Framúrskarandi  
fyrirtæki



**LANDSTÓLPI** 

Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600

Gamla laugin



Steypuvinna við nýbyggingu á Grund



Kópvatnsholan



# Ertu með frábæra hugmynd?

## Uppbyggingarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum

Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar og menningar á Suðurlandi

**Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.**

Markmið Uppbyggingarsjóðs Suðurlands:

- Að styðja við verkefni sem efla fjölbreytileika atvinnulífs og jákvæða samfélagsþróun á Suðurlandi
- Að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi
- Að styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna.

Hægt er að hafa samband í síma 480-8200 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið [styrkir@sudurland.is](mailto:styrkir@sudurland.is)

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn [sudurland.is](http://sudurland.is)

**SASS**

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Suðurlandi, samstarfs- og þjónustuveitvangur um hagsmunamál sveitarfélaga, íbúa og atvinnulífs á Suðurlandi.

Austurvegi 56 - 800 Selfoss - 480-8200 - [sass@sudurland.is](mailto:sass@sudurland.is)

menning  
atvinna tækifæri  
uppbygging nýsköpun

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími.*

*Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*



# VÖRÐUKÓRINN

## Vortónleikar

20. apríl kl. 20.30

Félagsheimilinu Árnesi.

23. apríl kl. 17.00

Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.



Stjórnandi: Eyrún Jónasdóttir.

Undirleikari: Jón Bjarnason.



Einsöngvari

Gissur Páll Gissurarson.



Verð miða 3000 kr.

Frítt fyrir 14 ára og yngri.



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi **432-2000**

## Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: [vondull@simnet.is](mailto:vondull@simnet.is)



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!  
**ATHUGIÐ!**

Opið á miðvikudögum frá 4.maí.

**Tímamantanir frá 2. maí** í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Opið alla daga vikunnar

[www.fontana.is](http://www.fontana.is)

LAUGARVATN  
**fontana**

Heilsulind frá landsmári

## Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 13. júní til og með 15. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2000 –2002.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 12. maí á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: [hruni@fludir.is](mailto:hruni@fludir.is)



Starfsmaður óskast

SR Grænmeti óskar eftir öflugri manneskju til starfa frá 1. maí næstkomandi.

Starfið felur í sér verkstjórn og almenna vinnu við öll þau störf sem falla til í garðyrkju .

Laun eru samkvæmt kjarasamningum.

Allar nánari upplýsingar fást hjá Pálmari í síma 892-2370 eða með því að senda tölvupóst á [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Umsóknir óskast sendar á ofangreint netfang.

## **Frá Bókasafni Hrunamanna**

Vinsamlegast athugið!

Bókasafnið verður lokað miðvikudaginn 27. apríl og fimmtudaginn 28. apríl vegna aðalfundar Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna.

Svo tekur sumaropnun við:

**Frá og með 1. maí – 31. ágúst:**

**Mánudaga Kl. 20-21**

**Þriðjudaga Kl. 16-18**

**Miðvikudaga Kl. 16-18**

Munið! Alltaf hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



BÓKASAFN



leitir.is



Gegnir





## Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu B.A, [www.babubabu.is](http://www.babubabu.is) eða í síma 4-800-900.

### Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

### Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30.

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi, frá kl: 12:00-15:00



### Aðalfundur Hrunasóknar

verður haldinn í safnaðarheimilinu í Hruna  
mánudagskvöldið 25. apríl kl. 20.

Venjuleg aðalfundarstörf. Kaffiveitingar.

Hvetjum sóknarbörn til að mæta og kynna sér starf  
og stöðu sóknarinnar.

Sóknarnefndin.

# UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2016

## í Reiðhöllinni á Flúðum

2. mót 16. apríl kl 10:15

Fjörgangur, tölt - barnaflokkur  
Fimmgangur, tölt – unglíngaflokkur

SMÁRI



### Staðan í stigakeppninni eftir 1. mót

#### Barnaflokkur

1	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	10
2	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	9
3	Aron Emir Ragnarsson	Smári	8
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	6.5
5	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	6.5
6	Salka Kristín Jónsdóttir	Logi	5
7	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	4
8	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	3
9	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	2
10	Ingibjörg Bára Pálsdóttir	Smári	1
11	Matthías Jens Ármann	Logi	0

#### Unglíngaflokkur

1	Sólvi Freyr Freyðisarson	Logi	10
2	Sigríður Magnea Kjartansdóttir	Logi	9
3	Eva María Larsen	Logi	8
4	Rósa Kristín Jóhannsdóttir	Logi	7
5	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	6

Smári 56

Logi 39

**Álftröð á Skeiðum**  
**Gistihús og náthagi fyrir hesta**

Hrossaræktarþúíð Hlemmiskeiði 3

### Frítt inn – Allir velkomnir



### Hænsnahöllin á Húsatóftum



**Garðyrkjústöðin**  
**Melar**

### Hrossaræktin Vorsabæ 2



HOTEL · CAMPING · RESTAURANT  
012 24 899 4241 | [logi.camping.com](http://logi.camping.com) | [efnar.apt.camping.com](http://efnar.apt.camping.com)



FRÍÐHEIMAR

# Firmakeppni Smára 2016

Verður haldin á Flúðum 1 maí að venju og hefst stundvíslega kl.

# 13.00



## ***Kept verður í eftirfarandi flokkum :***

- Pollaflokkur(9 ára og yngri)
- Barnaflokkur ( 10-13 ára)
- Unglingaflokkur ( 14-17 ára)
- Ungmennaflokkur ( 18-21 árs)
- Kvennaflokkur
- Karlaflokkur
- Heldri manna og kvennaflokkur

## **Fljúgandi skeið**

*Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er ríðandi, gangandi eða akandi.*



**Skráning á  
staðnum**



**STJÓRNIN**

**\*Reglur firmakeppni má finna inn á [www.smari.is](http://www.smari.is) undir liðnum LÖG OG REGLUR**

## Hrunaprestakall

Kæru sveitungar.

Seinnipartinn í þessum mánuði og nú í byrjun maí verða haldnir aðalsafnaðarfundir í öllum fjórum sóknum prestakallsins. Þar verður farið yfir starfsemina á síðasta ári, reikningar lagðir fram og horft til næsta árs m.t.t. starfs og helstu framkvæmda. Fundirnir verða auglýstir með góðum fyrirvara og ég hvet áhugasama eindregið til að mæta. Það sem hæst ber framundan eru lok vetrarstarfsins og fermingar á hvítasunnu. Fermingarbörnin þetta árið eru 13 talsins í prestakallinu en fyrsta fermingarathöfnin fór fram á annan í páskum. Hér að neðan má síðan finna helstu viðburði í helgihaldinu á næstunni:

21. apríl – sumardagurinn fyrsti: Fjölskylduguðsþjónusta í Ólafsvallakirkju kl. 11. Lok barnastarfs.

24. apríl: Guðsþjónusta í Hrunakirkju kl. 11 og messa í Stóra-Núpskirkju kl. 14. Tvennir tímar leiða söng í messunni.

— 5. maí – uppstigningardagur: Sameiginleg messa uppsveitasókna í Skálholtskirkju kl. 14 á degi eldri borgara.

15. maí – hvítasunnudagur: Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11, ferming í Hrepphólakirkju kl. 12:30 og ferming í Ólafsvallakirkju kl. 14.

16. maí – annar í hvítasunnu: Ferming í Hrunakirkju kl. 11.

Munið að hægt er að fylgjast með starfseminni í Hrunaprestakalli á hruni.is og á facebook/hrunaprestakall.

Með kærum kveðjum og ósk um gott og blessunarríkt sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson



## **Kótilettukvöld.**

20. apríl, síðasta vetrardag  
og  
21. apríl, sumardaginn fyrsta

Hlaðborð Kl. 19.00 - 21.00

Gamaldags lambakótilettur í raspi með soðnum kartöflum,  
grænum baunum, rauðkáli og rabbarbarasultu.

Borðapantanir í síma 774 7440


---

Borðapantanir í síma 774 7440



Fréttir frá Landgræðslufélagi Hrunamanna.

Landgræðsluferð í afrétt var farin 25. júní 2015. Tókst hún vel en heldur færri tóku þátt í ferðinni en vant var, hugsanlega vegna þess að farið var á miðvikudegi eða hve seint var hægt að fara en snjór og kalt vor seinkaði ferðinni um tvær vikur miðað við síðustu ár. Félagið fékk gefins heyrúllur frá Halldóru í Hólakoti og var þeim dreift í rofabörð fyrir innan Blákvísl. Einnig var dreift um 20 tonnum af áburði og 400 kg af fræjum. Í lok dags var grillað við Melrakkaá. Aðalfundur félagsins var haldinn 14. mars og var Sigurður H. Magnússon gerður að heiðursfélagi félagsins vegna ómetanlegra starfa í þágu landgræðslumála í hreppnum. Var honum færður platti með mynd af merki félagsins ásamt viðeigandi teksta. Stjórn félagsins var endurkjörin og er hún svona: Esther Guðjónsdóttir formaður, Jóhanna B. Ingólfssdóttir ritari, Samúel U. Eyjólfsson, Eiríkur Kristófersson og Sigurður H. Magnússon. Öllum er velkomið að ganga í félagið og geta haft samband við okkur.





## *Handverkssýning Félags eldri Hrunamanna*

Okkar árlega handverkssýning verður í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn 23. apríl frá kl. 13 – 17.

Kaffihúsastemning, lifandi tónlist.

Kaffi og meðlæti á hóflegu verði.

Kæru sveitungar!

Komið og kynnið ykkur vetrarstarf eldri Hrunamanna.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Kveðja,

Sigga, Gurra, Anna María og Árni Magnús



## Bændur athugið !

Nú styttist í vorið.



Við tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og haughræringu.

# Fögrusteinar

S:8455037 og 8941130



# Pub Quiz

Laugardagskvöldið 23. apríl

Kaffi Grund



**Kveðjum vetur og fögnum sumri**

**Bjartur Logi, trúbador, verður með  
Pub Quiz, söng og gleði**

**kl. 21 – 01**

**Stór kaldur í dós kr. 750**

**Pizzaofninn í gangi – Rizzopizzur 10“ kr. 1.500,-**

Tilbofin gilda meðan biðgur endast